

# **Skólaráðsfundur 17. des. 2014**

Fundur settur kl. 15:30 í rauða fundarherbergi.

Fundarstjóri: Jóhanna Magnúsdóttir, skólastjóri

Fundarritari: Ásta Steina Jónsdóttir, deildarstjóri miðstigs

Mættir: Jóhanna Magnúsdóttir skólastjóri, Ásta Steina Jónsdóttir deildarstjóri miðstigs og staðgengill skólastjóra, Guðrún Ingibjörg Stefánsdóttir fulltrúi kennara og Freyja Ólafsdóttir fulltrúi kennara, Þórhallur Ingi Jóhannsson fulltrúi foreldra, og Ísak Ólason fulltrúi nemanda.

Forföll boðuðu:

Pétur Magnússon fulltrúi grenndarsamfélagsins, Ólöf Kristín Sívertsen fulltrúi foreldra og Sólveig Jensdóttir fulltrúi annarra starfsmanna boðuðu forföll v/veðurs, Katla Sif Friðriksdóttir fulltrúi nemanda veik.

## **Dagskrá fundarins:**

### **1. Fjárhagsáætlun Lágafellsskóla, Höfðabergs og Frístundasels 2015**

Fyrsta fjárhagsáætlun sem gerð er núna fyrir Höfðaberg leik- og grunnskóla. Frístund er með eina áætlun þó svo að rekin séu tvo útibú. Grunnskólinn er sér. Stöðugildi 5,5 – 6 kennara flyst frá Lágafellsskóla yfir á Höfðaberg í haust þegar 1.-2. bekkur verður á Höfðabergi en 3.-10. bekkur í byggingu skólans. Frístund verður á tveimur stöðum og kallar það á meiri kostnað en verið hefur áður. Ekki er búið að ákveða hvort að sama form verði á frístund Höfðabergsmegin á næsta skólaári þ.e. ekki rukkað fyrir tímann frá 8-8:30 og ekki fyrr en eftir 14:20 en 13:20 þeir sem eru inn í byggingu Lágafellsskóla.

### **2. Niðurstöður samræmdra prófa í 4. og 7. bekk**

Kynntar voru niðurstöður fyrir ísl. og stæ. Talsverðar framfarir hafa átt sér stað hjá 7. bekk sérstaklega í stæ. frá því að þau tóku prófin í 4. bekk eða hækkun í raðeinkunn um 32%. 4. bekkur í ár kom ekki eins vel út og skólinn myndi vilja og þarf að vinna markvist með þann árgang og er sú vinna þegar hafin. Einnig var rennt aftur yfir niðurstöður í 10. bekk frá síðasta fundi.

### **3. Skólalóð Höfðabergs og fyrirhuguð verklok byggingarframkvæmda**

JM sýndi teikningar af Höfðabergi með fyrirhugaðri stækkun. Leiksvæðið minnkar en Jóhanna B. Hansen útilokar ekki að hægt sé að stækka lóðina.

Næsta ár verður byrjað á bílplaninu fyrir nýja skólann svo það nýtist strax.

Þórhallur sagðist hafa fengið kvartanir yfir þrennu frá foreldum á Höfðabergi:

- ganga nemenda að íþróttahúsi í misjöfnum veðrum
- bílastæði ekki nógu góð
- millibygging alltaf blaut

JM sagði að trúlega yrði frá áramótum hægt að byrja að ganga inn í millibyggingu á móts við stjórnendahúsið og að þar kæmu fataklefar og töskugeymslur þannig að þá væri komið í veg fyrir að bleytan færi um alla millibyggingu.

Bílastæði yrðu komin í lag frá næsta hausti.

Nýbygging er í þarfagreiningu.

Lýsing úr Klapparhlíð yfir að Þrastarhöfða verður bætt.

JM hafði fengið fyrirspurn um gangbrautarljós frá foreldri. Búnaður hefur þegar verið pantaður og kemur til landsins fljótlega eftir áramót. Þessi ljós verða sett upp á götunni þar sem ekki er þrenging í framhaldi af göngustíg á milli íþróttahúss og lausra kennslustofa. Óska á eftir því og leita skýringa af hverju tekið var úr gangsétarkanti sitthvoru megin við hringtorgið við íþróttahús. Þarna er ekki gangbraut en nemendur fara þarna yfir og getur það valdið slysaættu.

#### **4. Skóladagatal 2015**

Á að gera könnun m.a. foreldra um það hvort að það eigi að hafa eitt vetrarfrí t.d. vika að hausti eða áfram 2 daga. Taka þetta upp á næsta fundi og skoða þá dagatalið frá Sambandi ísl. sveitarfél. en það var ekki komið inn á síðuna þeirra.

#### **5. Önnur mál**

Þórhallur spurði hvort að umræðan um kirkjugöngu hefði náð inn í skólann. JM sagði að svo væri en bara að eitt foreldri hefði haft formlega samband við sig.

Kíkt var á heimsíður mos.is og krikaskoli.is til að sjá í hvaða form heimasíða skólans fer í eftir áramót, en viðmót síðu skólans er orðið gamalt og erfitt að vinna í því.

Farið var inn á heimsíðu skólans og sýnt hvar fundargerðir skólaráðs væru vistaðar og yfirlit yfir nefndarmenn væri að finna.

Ísak spurði hvort að það yrði skólaskákmót í vetur? JM ætlaði að athuga það.

Þórhallur sagði frá því að á síðasta fundi foreldrafélagsins væri ákveðið að þeir aðilar sem sætu í skólaráði sætu jafnframt í stjórn foreldrafélagsins. Þórhallur og Ólöf mæta því á fundi stjórnar .

Bingóið lukkaðist mjög vel hjá foreldrafélaginu og eins gekk vöflusalan hjá 10.bekk vel.

Fundi slitið kl. 17:00

Næsti fundur 10/2 2015 kl. 15:30